

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

4. tbl., 6. árg., 5. ágúst 2006  
Ábm.: Guðmundur Sigvaldason



### Sveitarstjóráskipti

Þriðjudaginn 1. ágúst tók Guðmundur Sigvaldason við starfi sveitarstjóra Hörgárbyggðar af Helgu A. Erlingsdóttur, sem gegndi starfinu frá haustinu 2002. Helgu eru þökkueð vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins. Henni fylgja góðar óskir um skjótan bata og velfarnað í framtíðinni.

=====

### **Fundur verður í sveitarstjórn Hörgárbyggðar miðvikudaginn 16. ágúst nk. kl. 20:00 í Belamerkurskóla**

Dagskrá fundarins liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu þess a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

### **Skrifstofa Hörgárbyggðar**

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.  
Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

# Nefndir

Sveitarstjórn tilnefndi í nefndir Hörgárbyggðar 2006-2010 sem hér segir á fundi sínum 21. júní sl.

## **Skólanefnd:**

Aðalmenn:

Hanna Rósa Sveinsdóttir  
Jóhanna María Oddsdóttir

Varamenn:

Elisabeth Zitterbart  
Ingibjörg Smáradóttir

## **Í framkvæmdanefnd Pelamerkurskóla:**

Oddviti á móti oddvita Arnarneshrepps

## **Leikskólanefnd:**

Aðalmenn:

Guðný Fjóra Árnarsdóttir formaður  
Bernharð Arnarson  
Líney Diðriksdóttir

Varamenn:

Ásgrímur Bragi Konráðsson  
Guðrún Harðardóttir  
Birna Jóhannesdóttir

## **Í bygginganefnd Eyjafjarðarsvæðis**

Aðalmaður:

Klængur Stefánsson

Varamaður:

Haukur Steindórsson

## **Skipulags- og umhverfisnefnd:**

Aðalmenn:

Oddur Gunnarsson formaður  
Birna Jóhannesdóttir  
Aðalheiður Eiríksdóttir

Varamenn:

Jóhanna María Oddsdóttir  
Guðmundur Víkingsson  
Klængur Stefánsson

## **Fjallskilanefnd:**

Guðmundur Skúlason formaður  
Stefán Karlsson  
Aðalsteinn H Hreinsson

## **Kjörstjórn:**

Aðalmenn:

Guðmundur Víkingsson formaður  
Jóna Kristín Antonsdóttir  
Haukur Steindórsson

Varamenn:

Sturla Eiðsson  
Herborg Sigfúsdóttir  
Sverrir Haraldsson

## **Félagsmála- og jafnréttisnefnd**

Aðalmenn:

Unnar Eiríksson formaður  
Guðjón Rúnar Ármannsson  
Jóna Kristín Antonsdóttir

Varamenn:

Jóhanna María Oddsdóttir  
Sigríður Svavarsdóttir  
Árni Arnsteinsson

## **Húsnefnd:**

Árni Arnsteinsdóttir formaður  
Jóhanna María Oddsdóttir  
Guðný Fjóra Árnarsdóttir

## **Í héraðsnefnd:**

Aðalmaður:

Helgi Steinsson

Varamaður:

Árni Arnsteinsson

## **Aðalfundur Eyþings:**

Aðalmenn:

Oddur Gunnarsson  
Birna Jóhannesdóttir

Varamenn:

Jóhanna María Oddsdóttir  
Guðjón Rúnar Ármannsson

## **Skoðunarmenn sveitarsjóðsreikninga:**

Aðalmenn:

Eva María Ólafsdóttir  
Oddur Gunnarsson

Varamenn:

Hanna Rósa Sveinsdóttir  
Ásbjörn Valgeirsson

# Útdráttur úr fundargerðum:

## **Fundur nr. 89** 25. maí 2006

Mætt voru: Ármann Þórir Búason, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóra Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Klængur Stefánsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Sturla Eiðsson, Helga A. Erlingsdóttir sveitarstjóri og Ásgeir Már Hauksson fulltrúi.

### **1. Reikningar sveitarfélagsins, Þelamerkurskóla og Íþróttamiðstöðvarinnar 2005**

Að meðaltali á hvern íbúa voru:

- skatttekjur kr. 369.000
- þjónustutekjur og aðrar tekjur kr. 41.000
- eignir kr. 447.000
- eigið fé kr. 364.000
- skuldir kr. 83.000

Heildartekjur sveitarsjóðs urðu kr. 163.945.000, og heildarrekstrargjöld kr. 145.034.000, fjármuna- og fjármagnsgjöld kr. 1.137.000. Rekstrarniðurstaðan var því jákvæð um kr. 17.774.000.

Framlag til rekstrar þelamerkurskóla var samtals kr. 95.259.481 og var hlutur Hörgárbyggðar kr. 63.290.980.

Tekjur Íþróttamiðstöðvarinnar voru kr. 17.169.629, gjöld kr. 19.402.797 og fjármuna- og fjármagnsgjöld kr. 82.022. Framlag sveitarfélaganna til Íþróttamiðstöðvarinnar var því kr. 2.315.726. Ársreikningarnir Hörgárbyggðar voru samþykktir samhljóða, einnig ársreikningar Þelamerkurskóla og Íþróttamiðstöðvarinnar.

### **2. Fundargerðir**

#### *a) Skólanefnd 23. maí 2006*

Skólafyrirvöld leggja til að íþróttamannvirkin verði til umræða fyrir nemendur ÞMS frá kr. 8-16 dag hvern yfir skólatímamann. Einnig að sveitarstjórnir hlutist til um að bjóða íbúum frítt í sund, eitt kvöld í viku til að auka áhuga íbúanna á hollri hreyfingu. Málinu vísað til framkvæmdanefndar. Fundargerðin var afgreidd án athugasemda

#### *b) Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæði eystra frá 8. maí 2006*

Fundargerðin afgreidd án athugasemda

#### *c) Fundargerð húsnefndar 22. maí 2006*

Fundargerðinni vísað til næstu sveitarstjórnar vegna nokkurra atriða sem ný sveitarstjórn þarf að taka til skoðunar.

### **3. Veitingaleyfi**

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti umsókn Guðveigar Önnu Eyglóardóttur um að reka kaffihús og veitingastofu/greiðasölu í Hálsi, Öxnadal.

### **4. Hlíðarbær, tilboð**

Tilboði tekið frá Pálma Bjarnasyni í að mála Hlíðarbæ að utan, ásamt múrviðgerðum, háþrýstipvotti, allri vinnu, áhöldum, vélum, ásamt sköttum og skyldum, sem nauðsynleg eru til að ljúka verkinu. Tilboðið hljóðar upp á kr. 725.000.

Ákveðið að kaupa borðbúnað fyrir 100 manns til að hafa á Melum og sem mætti nýta þegar þörf er á í Hlíðarbæ.

### **5. Skólaakstur**

Oddvita og Elvari falið að svara Sportferðum vegna athugasemda um að sveitarstjórn ákvað að semja áfram við Sigurð Skúlason um skólaakstur næstu tvö árin þrátt fyrir að hann væri ekki með lægsta tilboðið.

## 6. Malarnám á Hlöðum

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að Félagsbúið á Hlöðum taki 25 rúmmetra af mól til eigin nota, lagfæri síðan í kring um malarnámuna sunnan við Hlaði og loki henni.

## 7. Skógræktarsamningur vegna Myrkárbakka

Samningur um skógræktarsvæði á Myrkárbakka var kynntur.

## 8. Ýmis mál

a) Jákvætt svar hefur borist frá Jöfnunarsjóði um að sjóðurinn veiti sérstakt framlag vegna viðbyggingu við Leikskólann á Álfasteini, að því gefnu að byggt verði við leikskólann á þessu ári.

b) Upplýst að sveitarstjórn Hörgárbyggðar hélt á síðasta kjörtímabili 80 reglulega fundi, 16 aukafundi, eitt íbúabing, einn kynningarfund með íbúum Hörgárbyggðar vegna vinnu við aðalskipulag og einn íbúafund vegna vinnu við Staðardagskrá 21, samtals 99 fundi að þessum fundi meðtöldum.

c) Ársskýrsla Leikskólans á Álfasteini lögð fram til kynningar.

## Fundur nr. 90 12. júní 2006

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir, ásamt Elvari Árna Lund.

### 1. Kjör oddvita, varaoddvita og ritara

Helgi Steinsson var kjörinn oddviti með 4 atkvæðum. Varaoddviti var kjörinn Árni Arnsteinsson með fjórum atkvæðum og ritari Birna Jóhannesdóttir.

### 2. Leikskólamáli

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er tilbúin að greiða u.þ.b. 50% af byggingakostnaði við Leikskólann á Álfasteini eða allt að kr. 12.120.361, að því gefnu að byggt verði við leikskólann á þessu ári. Lögð var fram kostnaðaráætlun frá Opus fyrir leikskólann. Um er að ræða 160 ferm. nýbyggingu og breytingar á eldra húsi til að samræma innri rými leikskólans. Tvö tilboð hafa borist í byggingaframkvæmdirnar. Tilboðin voru rædd og var ákveðið að fela Elvari Árna að ganga til samninga við Kötlu ehf. á grundvelli tilboðs þeirra.

### 3. Sveitarstjóramáli

Samþykkt var að framlengja starf Elvar Árni til 10. júlí 2006 í u.þ.b. 25% starfi til að leysa sveitarstjóramálin, þar til búið er að ráða nýjan sveitarstjóra.

Oddvita falið að tala við tvo tilgreinda aðila um starf sveitarstjóra, ásamt því að kanna bakgrunn beggja.

### 4. Njólaeyðing

Bréf frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar um átak í njólaeyðingu. Ákveðið að Hörgárbyggð kaupa efnid á móti Vegagerðinni en þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu annist sjálfi framkvæmd verksins.

### 5. Undirskriftalisti

Í undirskriftarlista frá íbúum við Skógarhlíð og Birkihlíð vegna mikillar lyktarmengunar frá svínabúinu í Hlíð er skorað á sveitarstjórn að hún beiti sér í málinu. Heilbrigðisefirliti Norðlandi eystra verður sent afrit af undirskriftalistanum. Ákveðið að fá Alfreð Schiöth, heilbrigðisfulltrúa, á fund síðar.

## Viðbygging leikskólans

Í síðasta mánuði hófst Katla ehf. handa við framkvæmdir við viðbyggingu leikskólans í Álfasteini. Lokið er við að steypa sökkulveggi og stefnt er það því að verkinu verði lokið fyrir áramót. Helstu teikningar eru á baksíðu fréttabréfsins.

## **Fundur nr. 91 21. júní 2006**

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir.

**1. Nefndaskipan** (sjá bls. 2 í fréttabréfinu)

### **2. Sveitarstjóramál**

Rætt var við tvo einstaklinga um starf sveitarstjóra og var oddvita falið að vinna áfram að málinu í anda umræðnanna á fundinum.

### **3. Fundargerð Byggingarnefndar frá 6. júní 2006**

Fundargerðin afgreidd án athugasemda.

### **4. Tónlistarskóli**

Ársskýrsla Tónlistarskóla Eyjafjarðar fyrir skólaárið 2005-2006 lögð fram.

Fundargerð frá 29. maí 2006 lögð fram ásamt áætlaðri skipting launakostnaðar fyrir haustönn 2006. Áætlaður kostnaður fyrir Hörgárbyggð er kr. 484.071 pr. mánuð frá ágúst til desember fyrir fulla kennslu 17 nemenda.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða kostnaðarskiptingu. Hún ítrekar mikilvægi þess að sveitarfélögin leiti leiða til að ná fram sparnaði. Sveitarstjóra falið að vinna að því máli í samstarfi við hin aðildarsveitarfélögin.

### **5. Leikskólamáli - staða**

Kynnt drög að samningi um viðbyggingu við Leikskólans á Álfasteini við Kötlu ehf.

### **6. Bréf frá félagi vélsleðamanna í Skagafirði**

Leitað er eftir leyfi landeigenda og þeirra sem hafa lögsögu á Kaldbaksdal á Öxnadalshéið að leggja vegarslóð til að auðvelda mönnum að komast upp á hálandið þegar snjóleysi hamlar för frá láglandinu og til að auka öryggi vélsleðamanna. Landsbjörg tekur undir nauðsyn þess að bæta aðgengi upp á hálandið á norðanverðu landinu.

Sveitarstjórn samþykkti erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki Náttúruverndarnefndar Eyjafjarðar. Lögð er áherslu á að vandað verði til alls frágangs við vegstæðið. Oddvita falið að koma erindinu til nefndarinnar.

### **7. Hlíðarbær**

Ákveðið að fara í þak og endurbætur á lofti í sal í Hlíðarbæ nú í sumar. Fjármagn verði tekið af framkvæmdafé sveitarfélagsins. Búið var að samþykkja tilboð í málningu utanhúss. Oddvita falið að fá tilgreinda aðila í verkið.

### **8. Njóraeyðing**

Sverrir á Djúparbakka er tilbúin að taka að sé að vinna verkið í samvinnu við landeigendur og er ákveðið að byrja inn í Hörgárdal og fara niður vestan ár. Samþykkt að setja allt að kr. 250.000 fyrir utan VSK í verkið að þessu sinni þ.e. í efni og vinnu. Oddvita falið að vinna að málinu.

### **9. Bréf og erindi**

*a) Frá refaveiðimönnum:*

Vignir Stefánsson og Hjörleifur Halldórsson óska eftir áframhaldandi ráðningu við refavinnslu í Öxnadal. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

*b) Frá Umf. Smáranum:*

Erindi frá formönnum Umf. Smárans þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn til að ræða framtíðarskipulag á íþróttaaðstöðu Umf. Smárans á Þelamörk. Oddvita og varaoddvita falið að ræða við formennina.

*c) Frá UMFÍ:*

Styrkbeiðni frá UMFÍ til að gefa út Skinfxa. Efni blaðsins er helgað Unglingalandsmótinu á Laugum í Reykjadal. Samþykkt var að kaupa styrktarlínu á kr. 5.000.

